

1997 nr. 84 26. maí**Lög um búnaðargjald**

Tóku gildi 1. janúar 1998; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 7. gr. *Breytt með* L. 139/1997 (tóku gildi 1. jan. 1998), L. 112/1999 (tóku gildi 1. jan. 2000), L. 59/2002 (tóku gildi 17. maí 2002; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 5. gr.), L. 166/2002 (tóku gildi 30. des. 2002), L. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005), L. 120/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 4. gr.), L. 145/2008 (tóku gildi 20. des. 2008), L. 136/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010), L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), L. 33/2015 (tóku gildi 1. júlí 2015; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 22. gr.) og L. 124/2015 (tóku gildi 1. jan. 2016 nema 12. og 34. gr. sem tóku gildi 31. des. 2015; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 35. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Innheimta skal sérstakt búnaðargjald af búvöruframleiðendum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum og skal það nema [1,2%]¹⁾ af gjaldstofni skv. 3. gr.²⁾ Búnaðargjald er rekstrarkostnaður skv. 31. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt]³⁾ og frádráttarbært frá tekjum þess árs sem það reiknast af.

¹⁾ L. 120/2005, 1. gr. ²⁾ L. 112/1999, 24. gr. ³⁾ L. 129/2004, 124. gr.

■ **2. gr.** Gjaldskyldir búvöruframleiðendur eru þeir sem stunda rekstur sem fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflökkun Hagstofu Íslands, [sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40].¹⁾ Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir sem hvorki eru skráningarskyldir né á skrá yfir virðisaukaskattskylda aðila samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. [Annist framleiðandi sjálfur vinnslu og/eða sölu afurða sinna, eða annar aðili í hans nafni, er framleiðanda heimilt að draga frá stofni til búnaðargjalds kostnað/virðisauka af þeirri starfsemi samkvæmt matsreglum ríkisskattstjóra. Enn fremur er heimilt að draga frá stofni til búnaðargjalds kaupverð líffýra sem keypt eru til áframeldis til framleiðslu búfjárafurða.]²⁾

¹⁾ L. 145/2008, 1. gr. ²⁾ L. 59/2002, 2. gr.

■ **3. gr.** Gjaldstofn búnaðargjalds er velta búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvöruframleiðendum, sbr. 2. gr. Til gjaldskyldrar veltu telst velta skv. 11.–13. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að frádrægni andvirði seldra varanlegra rekstrarfjármuna sem talið hefur verið með í gjaldstofni til virðisaukaskatts.

□ Reki framleiðandi búvöru aðra starfsemi en gjaldskyld er skv. 2. gr. ber honum að halda þeirri starfsemi aðskildri í bókhaldi sínu eða færa hana á sérstakan rekstrarreikning utan landbúnaðarframtals.

□ [Á framtali til búnaðargjalds ber gjaldskyldum aðilum að sundurliða gjaldstofn sinn eftir búgreinum samkvæmt skilgreiningu í reglugerð¹⁾ sem ráðherra setur. Enn fremur skal sundurgreina gjaldstofn eftir starfsstöðvum ef aðsetur þeirra er annað en lögheimili framleiðanda og á starfssvæði annars búnaðarsambands sem þá skal tilgreint.]²⁾

¹⁾ Rg. 37/1999. ²⁾ L. 59/2002, 3. gr.

■ **4. gr.** [Gjaldskyldir búvöruframleiðendur skulu greiða fyrir fram upp í væntanlega álagningu með [sex]¹⁾ jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina [júlí]¹⁾ til desember á tekjuárinu. Fyrirframgreiðslan skal nema [1,2%]²⁾ af búnaðargjaldsstofni á næstliðnu tekjuári.

□ Gjald dagar fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. skulu vera fyrsti dagur mánaðanna [júlí]¹⁾ til og með desember. Heimilt er gjaldanda að sækja um breytingu á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. mgr. Slíka umsókn skal senda [ríkisskattstjóra]³⁾ er úrskurðar um breytingu greiðsluskuldunnar innan hæfilegs frests. [Ríkisskattstjóri]³⁾

skal taka til greina umsókn gjaldanda ef fyrirjafnanlegt er að búnaðargjald breytist um sem nemur a.m.k. 25%, þó að lágmarki 10.000 kr. á milli ára.]⁴⁾

¹⁾ L. 124/2015, 21. gr. ²⁾ L. 120/2005, 2. gr. ³⁾ L. 136/2009, 89. gr. ⁴⁾ L. 139/1997, 1. gr.

■ **5. gr.** Gjaldskyldir búvöruframleiðendur skulu innan þess framtalsfrests sem kveðið er á um í 93. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ skila framtali til [ríkisskattstjóra]²⁾ þar sem gjaldskyldar fjárhæðir eru tilgreindar eftir búgreinum . . . ²⁾

□ Að loknum framtalsfresti skal [ríkisskattstjóri]²⁾ leggja á búnaðargjald í samræmi við lög þessi og skulu um þá álagningu gilda sömu ákvæði og er að finna í X. kafla um álagningu, kærur o.fl. í [lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾

□ Ef greiðandi búnaðargjalds telur að álagning hafi ekki verið rétt ákvörðuð getur hann kært álagninguna til [ríkisskattstjóra],²⁾ sbr. X. kafla [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾

□ [Frá álöggðu búnaðargjaldi skal draga þá fjárhæð sem greidd hefur verið fyrir fram skv. 4. gr. Greiði gjaldskyldur aðili ekki fyrirframgreiðslu á tilskildum tíma eða vangreiði hann skal innheimtumaður ríkissjóðs reikna hæstu leyfilegu dráttarvexti samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga, sbr. 4. gr. Ef álagning er hærrí en ákvörðuð fyrirframgreiðsla skal gjaldandi greiða mismuninn með sem næst jöfnum greiðslum á gjalddögum þinggjalda. [Við mismun sem á rætur að rekja til of hárrar fyrirframgreiðslu skal reikna vexti jafnháa vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.]³⁾⁴⁾

□ [Að lokinni álagningu ár hvert skal ríkisskattstjóri láta Bændasamtökum Íslands í té skrá um greiðendur búnaðargjalds eftir sveitarfélögum þar sem fram komi af hvaða búgreinum hver og einn hefur greitt. Skrána er samtökunum aðeins heimilt að nota til að sinna lögbundnum verkefnum sínum og þjónustu við bændur. Óheimilt er að veita öðrum aðgang að skránni. Einstakir greiðendur gjaldsins geta andmælt því við ríkisskattstjóra að nöfn þeirra verði birt í skránni, enda liggja til þess lögmatar ástæður eða sérstakar aðstæður að mati ríkisskattstjóra.]⁵⁾

□ Um ábyrgð á greiðslu, [innheimtu],⁴⁾ upplýsingaskyldu, eftirlitshæmildir og málsmeðferð skulu gilda ákvæði [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾

¹⁾ L. 129/2004, 125. gr. ²⁾ L. 136/2009, 90. gr. ³⁾ L. 33/2015, 19. gr. ⁴⁾ L. 139/1997, 2. gr. ⁵⁾ L. 166/2002, 1. gr.

■ **6. gr.** [Tekjum af búnaðargjaldi skal skipt í samræmi við viðauka við lög þessi, sbr. þó 3. mgr.]¹⁾

□ [Ráðherra]²⁾ stendur skil á gjaldinu mánaðarlega, þó aldrei lægri fjárhæð en nemur 6,67% af álagningu næstliðins árs.

□ Af óskiptum tekjum búnaðargjalds skulu 0,5% renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara.

□ [[Ráðherra]²⁾ er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um fyrirframgreiðslur, álagningu, innheimtu og annað er varðar skattalega framkvæmd laga þessara.]³⁾

¹⁾ L. 166/2002, 2. gr. ²⁾ L. 126/2011, 249. gr. ³⁾ L. 139/1997, 3. gr.

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998 . . . ¹⁾

¹⁾ Um breytingu á nánari gildistökuákvæðum sem ekki eru birt hér, sjá l. 139/1997, 4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I. . .**

■ **II. . .**

■ **III. . .** ¹⁾

¹⁾ L. 166/2002, 3. gr.

■ [IV. . .]¹⁾

¹⁾ L. 139/1997, brbákv.

■ [V. Mismunur á hluta Lánasjóðs landbúnaðarins, sbr. 6. gr. laganna, í endanlega ákvörðuðu búnaðargjaldi skv. 5. gr. laganna og fyrirframgreiddu gjaldi skv. 4. gr. laganna skal

vera á ábyrgð Lífeyrissjóðs bænda.]¹⁾

¹⁾ L. 120/2005, brbákv.

Viðauki.¹⁾

¹⁾ Um texta viðaukans vísast til Stjóttö. A 2002, bls. 546, og A 2005, bls. 1051.

ELDDRI ÚTGÁFA